

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/438*  
*komudagur 25.11.2011*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulþjóðgarðs, 106. mál**

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að tillagan nái fram að ganga. Fram kemur í greinargerð að í kjölfar stofnunar Vatnajökulþjóðgarðs telji flutningsmenn tillögunnar nú brýnt að halda verkinu áfram án þess að sérstök rök fylgi um að náttúrunni sé einhver hættu búin á svæðinu.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd fylgir ýmis kostnaður stofnun þjóðgarðs eigi hann að verða eitthvað annað en nafnið eitt. Auk þess eru lagðar kvaðir á landnotkun og umgengni almennings.

Á því svæði sem hugsanlegum þjóðgarði er ætlað að ná yfir er að finna þó nokkur hugsanleg orkunýtingarsvæði sem nýst geta til að efla sjálfbært samfélag manna á Íslandi, stuðla að hagvexti og bættum lífskjörum. Auk þess eru orkulindirnar endurnýjanlegar og nýting þeirra getur stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu kola, olíu og jarðgass.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri